

9. FEBRÚAR  
2023

HARPA  
ELDBORG

# Á ferð og flugi



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Velkomin

---

Vinsamlegast hafið slökkt  
á farsímum meðan á  
tónleikum stendur.

---

Tónleikagestir eru beðnir um  
að klappa aðeins í lok tónverks.

---

**Tímalengd verka:**

Koma drottningarinnar af Saba 4'

Asteroid 4179: Toutatis 4'

Söngvar förusveins 18'

La Mer, lokakafli 9'

**Tónleikunum er sjónvarpað beint á RÚV.**

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube  
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna  
lagalista með allri tónlist starfsársins.

# Á ferð og flugi

## TÓNLEIKAR Í ELDBORG

### Sinfóníuhljómsveit Íslands

#### Eva Ollikainen

Hljómsveitarstjóri

#### Jóhann Kristinsson

Einsöngvari

#### Georg Friedrich Händel

Koma drottningarinnar af Saba  
(úr óratoríunni *Salómon*) (1748)

#### Kaija Saariaho

Asteroid 4179: Toutatis (2005)

#### Gustav Mahler

Lieder eines fahrenden Gesellen (1885)

#### Claude Debussy

La mer (*Hafið*, 1903–1905)  
Dialogue du vent et de la mer  
(Samtal vindsins og hafsins)

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:  
[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is).



# Eva Ollikainen

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen er aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusarakademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum SÍ með nær engum fyrirvara og hún stjórnaði síðan þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007–2010. Í febrúar 2019 sneri hún aftur og stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljómsveitum, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden og BBC-sinfóníuhljómsveitinni. Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Eva er tíður gestakennari við Sibeliusarakademíuna og hún hafði frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til þess að stjórna hljómsveitinni.

Síðasta sumar þreytti Eva frumraun sína með BBC-sinfóníuhljómsveitinni á PROMS-tónlistarhátíðinni í Lundúnum, þar sem hún stjórnaði heimsfrumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA, auk þess að stjórna Fílharmóníusveit Los Angeles í fyrsta sinn á tvennum tónleikum í Hollywood Bowl og Walt Disney Hall.



# Jóhann Kristinnsson

## EINSÖNGVARI

Jóhann Kristinnsson hóf söngnám hjá Bergþóri Pálssyni árið 2009 í Söngskólanum í Reykjavík. Hann stundaði mastersnám við „Hanns Eisler“ tónlistarháskólann í Berlín hjá Scot Weir og útskrifaðist þaðan með hæstu einkunn árið 2017. Einnig naut hann leiðsagnar Thomas Quasthoff, Juliu Várady, Kristins Sigmundssonar og Thomas Hampson.

Leikárin 2017-2019 var Jóhann meðlimur Óperustúdíósins við Ríkisóperuna í Hamborg. Síðan þá hefur hann komið reglulega fram við húsið. Hann hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2017 í flokknum „Bjartasta vonin“ og var einnig tilnefndur fyrir tónlistarviðburð ársins og sem söngvari ársins. Hann tók þátt í alþjóðlegu söngkeppninni „Stella Maris“ fyrir hönd Ríkisóperunnar í Hamborg og bar sigur úr býtum. Þar hlaut hann einnig sérstök verðlaun frá Musikverein í Vínnarborg. Hann hlaut þriðja sæti og áhorfendaverðlaun söngkeppinnar „Das Lied“ í Heidelberg og komst í úrslit alþjóðlegu Robert Schumann keppinnar í Zwickau.

Jóhann hefur unnið með hljómsveitarstjórum úr fremstu röð en þar má nefna Herbert Blomstedt, Kent Nagano, Bertrand de Billy, Evu Ollikainen og Stefano Ranzani. Hann hefur einnig unnið með hljómsveitum á borð við Symphonieorchester des Bayerischen Rundfunks, Orchestre national du Capitole de Toulouse, Basque National Orchestra, Bamberger Symphoniker, Copenhagen Philharmonic, Staatskapelle Halle, Philharmonisches Staatsorchester Hamburg og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann er reglulegur gestur virtra tónlistarhátíða en þar má nefna Heidelberger Frühling, Tiroler Festspiele Erl, Oxford Lieder, Schubertiade Hohenems og Dresdner Musikfestspiele.



# Georg Friedrich Händel

## KOMA DROTTNINGARINNAR AF SABA (ÚR ÓRATORÍUNNI SALÓMON)

Georg Friedrich Händel (1685-1789) var víðförull maður á sinna tíma mælikvarða. Hann fæddist í Halle í Þýskalandi, fluttist ungur til Hamborgar og þaðan til Ítalíu, þá til Hannover, en settist að í Bretlandi árið 1712 og þar bjón hann til dauðadags, enda hlutu tónsmíðar hans þar einkar góðan hljómgrunn, ekki síst glæsilegar óperurnar.

Upp úr 1730 tók þó áhugi almennings á hástemmdum og alvarlegum barokkóperum að ítalskri fyrirmynd (*opera seria*) að dvína mjög en hin vaxandi borgarastétt kaus heldur óperur á þjóðtungunni ensku með söguþræði við alþýðuskap. Þrátt fyrir nokkur mögur ár á operusviðinu gafst Händel ekki upp, enda snjall viðskiptamaður. Leið hans til þess að endurheimta áheyrndur sína var að sækja í óratoríuhefð meginlandsins og smíða magnþrungin verk fyrir einsöngvara, kór og hljómsveit upp úr sögum biblíunnar. Óratoríur Händels voru settar upp í almennum tónleikahúsum og sungnar á ensku. Náðu þær bæði vinsældum meðal aðals og vaxandi borgarastéttar.

Koma drottningarinnar af Saba, eða *The Arrival of the Queen of Sheba*, á uppruna sinn sem forleikur að þriðja þætti óratoríunnar Salómóns, sem frumflutt var 1749. Þessi stutti hljómsveitarkafli fyrir tvö óbó, strengi og sembal hefur fyrir löngu eignast sjálfstætt líf, ekki síst í Bretlandi, og er til að mynda vinsæll til flutnings í brúðkaupum þar í landi auk þess sem hann var leikinn við opnunaráhátíð Ólympíuleikanna í Lundúnum 2012. Óratorían segir af hinum fræga konungi og stjórnvitrungi Salómon sem greint er frá í Gamla-Testamentinu og sem mun hafa ríkt yfir Ísraelsríki á tíundu öld fyrir Krist. Óratorían segir meðal annars söguna af því þegar hann skar úr um hvor tveggja kvenna væri í raun móðir hvítvoðungs sem báðar vildu eiga með því að hóta því að höggva barnið í tvennt og skipta með þeim. Þegar hér er komið sögu er þessi mikli Salómónsdómur afstaðinn og léttleikinn ræður ríkjum: Hin fagra og vellauðuga drottning af Saba í Egyptalandi ríður í hlað í opinbera heimsókn. Eftirvæntingin leynir sér ekki í tónlistinni – og hinum tigna gesti er tekið með kostum og kynjum.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Óratorían Salómon hljómaði í fyrsta sinn í heild á Íslandi á Kirkju-listahátíð 2015 en þá stjórnaði Hörður Áskels-son flutningi Mótettukórsins, einsöngvaranna Robins Blaze, Þóru Einarsdóttur, Sigríðar Óskar Kristjánsdóttur, Benedikts Kristjánssonar og Odds Arnþórs Jónssonar auk barokksveitar í Hallgrímskirkju og hlutu tónleikarnir fjórar tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna.



# Kaija Saariaho

## ASTEROID 4179: TOUTATIS

Kaija Saariaho (f. 1952) er eitt dádasta samtímatónskáld Finnlands og margverðlaunuð fyrir list sína. Tónlist hennar einkennist af dulúð og fingerðum blæbrigðum enda hefur hún verið kölluð „töframaður hljóðsins“. Hún lærði í Helsinki, Freiburg og París, til að mynda við hina víðfrægu raftónlistarstofnun IRCAM (Institut de Recherche et Coordination Acoustique/Musique). Þar próaði hún tök sín á upptöku- og rafhljóðum sem svo gjarnan setja svip sinn á tónlist hennar, en í hljóðheimi Saariaho bráðnar hið lífræna og rafræna gjarnan saman í eina síkvika heild, svo eyrað greinir vart lengur í hvorum heiminum hljóðin eiga uppruna sinn.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta skipti sem verkið *Asteroid 4179: Toutatis* hljómar á tónleikum Sinfóníu-hljómsveitar Íslands, en verk Kaiju Saariaho hafa þó gjarnan verið á efnisskrám hljóm-sveitarinnar síðustu ár. Má þar nefna að Osmo Vänskä stjórnaði flutningi á verki hennar Sept Papillons í föstudagsröð Sinfóníuhljómsveitarinnar árið 2017 og sama ár lék finnski klarinettuleikarinn Kari Kriikku klarinettukonsert hennar undir stjórn Önnu-Mariu Helsing. Verkið *Ciel d'hiver*, eða *Vetrarhiminn*, hljómaði undir stjórn Osmo Vänskä á tónleikum hljóm-sveitarinnar í maí 2019 og Áshildur Haraldsdóttir fór með einleikshlutverkið í flautukonsert Saariaho, *Aile du songe*, í janúar 2021, en Daníel Bjarnason stjórnaði hljóm-sveitinni.

Verkið *Asteroid 4179: Toutatis* frá 2005 er innblásið af samnefndum loftsteini sem stundum er á ferð hættulega nálægt jörðinni en þeysist annars um órávíðir geimsins. „Ég fékk áhuga á *Toutatis* þegar ég las að braut hans liggur næst jörðinni af öllum þekktum loftsteinum“ segir tónskáldið, en loftsteinninn er um 2,5 kílómetrar í þvermál og sérkennilega flangur að lögun. „Form hans og flókinn snúningurinn á honum áhugaverður,“ segir Saariaho, „en mismunandi hlutar hans snúast á mismunandi hraða. Vegna þessa tvíþætta snúnings fylgja stjörnurnar ekki hringlaga brautum séð frá honum, heldur fleygjast um himininn í allar áttir og ganga aldrei eftir sömu braut tvisvar.“ Þessi sérkenni voru meðal þess sem fékk Saariaho til þess að velja loftsteininn *4179: Toutatis* sem yrkisefni þegar Fílharmóníusveit Berlínar með hljóm-sveitarstjórn Sir Simon Rattle í broddi fylkingar leitaði til hennar ásamt fleiri samtímatónskáldum til að panta ný hljóm-sveitarverk tengd fyrirbærum úr geimnum. Afraksturinn leit dagsins ljós ásamt Plánetum Gustavs Holst á rómaðri hljómplötu sem út kom á vegum EMI-hljómplöturísans 2006.



# Gustav Mahler

## SÖNGVAR FÖRUSVEINS

Í höndum skálda og tónskálda rómantíska tímans umbreyttist gönguferðin úr hversdagslegu fyrirbæri í eitthvað annað og meira: Hún varð að listrænni, jafnvel dulrænni iðju. Gönguferðin varð að stefnumóti skáldsins við náttúruna, tækifæri til þess að spegla í henni eigið sálarlíf og gefa sig á vald ægifegurð hennar. Hinn eirðarlausí förusveinn sem trúir landslaginu fyrir gleði sinni og sorgum varð til að mynda mikilvægt stef í þýsku ljóðasöngshefðinni, líkt og áhrifamikil sönglög og lagaflokkar á borð við *Vetrarferð* Schuberts frá 1827 bera vitni um. Sjálfur hafði Gustav Mahler (1860-1911) samið nokkur sönglög áður en hann tók til við að semja *Söngva förusveins*, eða *Lieder eines fahrenden Gesellen*, árið 1884, 24 ára að aldri. Hann var þá hljómsveitarstjóri við óperuna í Kassel og bar í brjósti óendurgoldna ást til sópransöngkonu við sama óperuhús. Ljóðin skrifaði tónskáldið sjálf, en þau eru í þjóðlegum stíl og undir sterkum áhrifum frá vinsælu safni þjóðlegra kvæða sem nefndist *Des Knaben Wunderhorn* og kom út í upphafi nítjándu aldar. Efnistökin eru þó einnig persónuleg: Ungur maður fellir hug til stúlku en hún svikur hann og giftist öðrum. Sorgin rekur unga manninn á gönguför um fagurt sveitalandslag. Á göngunni lætur förusveinninn í ljós sveiflukennar tilfinningar og ástríðufullur harmur vegna stúlkunnar mætir lotningu gagnvart náttúrunni. Það er í faðmi hins fagra umhverfis sem hann finnur að lokum einhvers konar huggun.

Verkið varð fyrsti eiginlegi söngvasveigur hans, þar sem söngljóðin mynda heildstæða frásögn og búa yfir samfelldri framvindu. Söngljóðin átta upphaflega að vera sex talsins og voru samin við píanómeðleik, en tónskáldið endurskoðaði verkið í sífellu, fækkaði lögunum um tvö og útsetti að lokum meðleikshlutann fyrir fullskipaða sífóníuhljómsveit. Slíkir ljóðaflokkar með hljómsveitarundirleik voru nýlunda sem Mahler gerði síðar að sérgrein sinni, en segja má að Söngvar förusveins hafi verið með fyrstu verkum hans sem fullþroska listamanns.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Árið 2016 hljómaði söngvasveigur Mahlers af sviði Eldborgar í útsetningu Arnolds Schönbergs fyrir einsöngvara og litla kammersveit á sumarhátíð Víkings Heiðars Ólafssonar, Reykjavík Midsummer Music. Þá var það enginn annar en Kristinn Sigmundsson, faðir einsöngvara kvöldsins, sem fór með einsöngshlutverkið. Það var þó langt í frá í fyrsta skipti sem Kristinn söng þennan söngvasveig Mahlers, en hann flutti hann til að mynda með Sífóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói árið 1992, þá undir stjórn Igors Kennaway.





# Claude Debussy

## LA MER, LOKAPÁTTUR: SAMTAL VINDSINS OG HAFSINS

Hrifning Claude Debussy (1862-1918) á hafinu var djúp og víðfeðm. Sjálfur sagði hann það aðeins fyrir duttlunga örlaganna að hann varði ekki starfsævinni á sjó. Þetta má til sanns vegar færa: Faðir hans var postulínskaupmaður og fyrrum sjóliðsmaður sem séð hafði fyrir sér að elsti sonurinn gæti öðlast glæstan frama í sjóhernum. Það átti þó ekki fyrir syninum að liggja að sigla lengra en yfir Ermarsundið – og fyrstu nóturnar að mikilfenglegasta hljómsveitarverki hans, *La mer*, eða *Hafinu*, voru festar á blað í hinu landlukta en gróðursæla *Búrgundarhéraði* í Frakklandi.

Eins og sannur impressjónisti var Debussy heldur ekki bundinn af raunverulegri nálægð við hafið, heldur sökkti hann sér í óljós minningarbrott, kenndir, hugmyndir og drauma – eða eins og hann skrifaði vini sínum í bréfi: „Ég á ótal minningar sem að mínum dómi eru mun meira virði en veruleikinn. Þótt hann geti verið hrífandi í sjálfum sér á hann það til að íþyngja ímyndunaraflinu um of.“ Málalalisti veitti Debussy einnig innblástur þegar hann vann að *La mer*. Nærtækt væri að leita fyrirmynda að hljómsveitarskrifum hans í margbreytilegri áferð hafs og vatns í málverkum samtímamanna á borð við Claude Monet. Debussy var þó ekki síður upptekinn af birtingarmyndum hafsins í austrænni myndlist – til að mynda í tréristu japanska listamannsins Hokusai, „Öldunni miklu,“ en eftirprentun af þeirri mynd fékk að prýða nótnahandritið þegar það var frágengið.

*La mer* er í þremur þáttum og ber undirtitilinn „Þrjár símfónískar skissur“. Fyrri tvær hlustandann í siglingu út á opið haf, þar sem hugvitssamlegur tónvefnaður Debussys skapar tilfinningu fyrir birtubrigðum, kliðmjúku öldugjálfri og vaggandi undiröldu. Lokapátturinn, sem hér hljómar stakur, nefnist *Samtal vindsins og hafsins* en þar losnar ægikraftur hafsins úr læðingi í öllu sínu hamsleysi og óviðjafnanlegri feðurð.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Bandaríski hljómsveitarstjórinn George Cleve stjórnaði Símfóníuhljómsveitinni þegar hún flutti *La mer* í fyrsta sinn á Íslandi haustið 1971. Næstu fjögur skiptin voru það aðalhljómsveitarstjórar sveitarinnar sem túlkuðu verkið, þeir Jean-Pierre Jacquillat (1980), Petri Sakari (1989), Osmo Vänskä (1995) og Rumon Gamba (2002). James Gaffigan stjórnaði verkinu árið 2008, George Benjamin árið 2014, Daníel Bjarnason 2015, Hannu Linttu 2020 og Eva Ollikainen í ársbyrjun 2023. Síðast en ekki síst flutti Ungsveit Símfóníuhljómsveitar Íslands verkið haustið 2013 undir stjórn Petri Sakari.

Halla Oddný Magnúsdóttir

## Lieder eines fahrenden Gesellen

### 1. Wenn mein Schatz Hochzeit macht

Wenn mein Schatz Hochzeit macht,  
fröhliche Hochzeit macht,  
hab' ich meinen traurigen Tag!  
Geh' ich in mein Kämmerlein,  
dunkles Kämmerlein,  
weine, wein' um meinen Schatz,  
um meinen lieben Schatz!

Blümlein blau! Verdorre nicht!  
Vöglein süß! Du singst auf grüner Heide.  
Ach! wie ist die Welt so schön!  
Ziküth! Ziküth! Ziküth!

Singet nicht! Blühet nicht!  
Lenz ist ja vorbei!  
Alles Singen ist nun aus!  
Des Abends, wenn ich schlafen geh',  
denk' ich an mein Leide!

### 2. Ging heut Morgen über's Feld

Ging heut Morgen über's Feld,  
Tau noch auf den Gräsern hing,  
sprach zu mir der lust'ge Fink:  
„Ei, du! Gelt!  
Guten Morgen! Ei, Gelt? Du!  
Wird's nicht eine schöne Welt?  
Zink! Zink! Schön und flink!  
Wie mir noch die Welt gefällt!“

Auch die Glockenblum' am Feld  
hat mir lustig guter Ding',  
mit den Glöckchen, klinge, kling,  
ihren Morgengruß geschellt:  
„Wird's nicht eine schöne Welt?  
Kling! Kling! Schönes Ding!  
Wie mir noch die Welt gefällt!“  
Hei-ah!

## Söngvar farandsveins

### 1. Þegar elskan mín heldur brúðkaup sitt

Þegar elskan mín heldur brúðkaup sitt,  
fagnaðarsælt brúðkaup,  
þá á ég dapran dag!  
Þá geng ég inn í kytru mína,  
dímma kytru mína,  
græt og græt elskuna mína,  
elsku ástina mína!

Blómið blátt! Visnaðu ekki!  
Ljúfi fugl! Þú syngur á grænni heiði.  
Ó hve heimurinn er fagur!  
Dírrindí, dírrindí, dírrindí!

Syngið ekki! Blómstrið ekki!  
Vorið er liðið!  
Allur söngur er hljóðnaður!  
Á kvöldin, þegar ég geng til hvílu,  
hugsa ég um harma mína!

### 2. Í morgun gekk ég yfir akurinn

Í morgun gekk ég yfir akurinn,  
döggin hvíldi enn á grösum,  
þá mælti til mín fjörug finka:  
„Hæ, þú! Heyrðu nú!  
Góðan daginn! Heyrir þú?  
Er ekki heimurinn fagur?  
Syng! Syng! Fagur og ljómandi!  
En hve ég elska heiminn!“

Og bláklukkan á enginu  
kallaði til mín kát og glóð,  
með klukku sinni, gling-gling-gló,  
klingdi hún morgunkveðju sína:  
„Er ekki heimurinn fagur?  
Gling-gling! Fagur og fríður!  
En hve ég elska heiminn!“  
Hæ, hól!

Und da fing im Sonnenschein  
gleich die Welt zu funkeln an;  
Alles, Alles, Ton und Farbe gewann!  
Im Sonnenschein!  
Blum' und Vogel, groß und klein!  
Guten Tag! Guten Tag!  
Ist's nicht eine schöne Welt?  
Ei, du! Gelt? Schöne Welt!

Nun fängt auch mein Glück wohl an?!  
Nein! Nein! Das ich mein',  
mir nimmer, nimmer blühen kann!

### 3. Ich hab' ein glühend Messer

Ich hab' ein glühend Messer,  
ein Messer in meiner Brust,  
o weh! O weh! Das schneid't so tief  
in jede Freud' und jede Lust,  
so tief! So tief!  
Ach, was ist das für ein böser Gast!  
Nimmer hält er Ruh',  
nimmer hält er Rast!  
Nicht bei Tag, nicht bei Nacht, wenn ich  
schliefe!  
O weh! O weh!

Wenn ich in den Himmel seh',  
seh' ich zwei blaue Augen steh'n!  
O weh! O weh!  
Wenn ich im gelben Felde geh',  
seh' ich von Fern das blonde Haar  
im Winde weh'n!  
O weh! O weh!  
Wenn ich aus dem Traum auffahr'  
und höre klingen ihr silbern Lachen,  
o weh! O weh!  
Ich wollt' ich läg' auf der schwarzen Bahr',  
könnt' nimmer, nimmer die Augen  
aufmachen!

Og barna í sólskininu  
fór heimurinn allt í einu að glitra;  
Allt fékk hljóm og lit  
í sólskininu,  
blóm og fuglar, stórir og smáir!  
Góðan daginn! Góðan daginn!  
Er ekki heimurinn fagur?  
Heyrðu mig, þú! Heimurinn fagur!

Fer hamingja mín þá að hefjast?  
Nei, nei! Eitt ég tel,  
að aldrei muni hún blómgast mér!

### 3. Ég hef glóandi hníf

Ég hef glóandi hníf  
í brjósti mínu,  
Ó vei! Hann sker svo djúpt  
í alla gleði og alla sælu,  
svo djúpt, svo djúpt!  
Æ, hve hann er illur gestur!  
Aldrei stöðvast hann,  
aldrei hvílist hann!  
Hvorki á degi sem á nóttu, þegar ég sefi!  
Ó vei! Ó vei!

Þegar ég horfi upp til himins  
sé ég þar tvö blá augu.  
Ó vei! Ó vei!  
Þegar ég geng um gula akra  
sé ég úr fjarska ljósgult hárið  
bærast í vindinum.  
Ó vei! Ó vei!  
Þegar ég hrekk upp af draumi  
og heyri silfurhlátur hennar hljóma,  
ó vei! Ó vei!  
Ég vildi að ég lægi á líkbörunum svörtu,  
og gæti aldrei opnað augun framar!

#### 4. Die zwei blauen Augen von meinem Schatz

Die zwei blauen Augen von meinem Schatz,  
die haben mich in die weite Welt geschickt.  
Da muß' ich Abschied nehmen  
vom allerliebsten Platz!  
O Augen blau warum habt ihr mich angeblickt!?  
Nun hab' ich ewig Leid und Grämen!

Ich bin ausgegangen in stiller Nacht,  
in stiller Nacht wohl über die dunkle Heide;  
hat mir Niemand Ade gesagt, Ade!  
Mein Gesell' war Lieb' und Leide!

Auf der Straße steht ein Lindenbaum,  
da hab' ich zum ersten Mal im Schlaf geruht!  
Unter dem Lindenbaum! Der hat  
seine Blüten über mich geschneit,  
da wußt' ich nicht, wie das Leben tut,  
war alles, alles wieder gut!  
Alles! Alles! Lieb' und Leid,  
und Welt, und Traum!

*Gustav Mahler*

#### 4. Bláu augun tvö elskunnar minnar

Bláu augun tvö elskunnar minnar  
hafa sent mig út í víða veröld.  
Þá varð ég að kveðja  
staðinn sem ég elskaði mest.  
Ó bláu augu, hví horfðuð þið á mig?  
Nú líð ég kvöl og sorg um alla eilífð.

Ég gekk út í kyrrláta nóttina,  
um hljóða nótt yfir dimma heiði;  
enginn sagði við mig „vertu sæll“!  
Fylgjur mínar voru ást og harmur.

Á veginum stendur linditré,  
þar fann ég í fyrsta sinn hvíld í svefni.  
Undir linditrénu, sem lét  
snjóa yfir mig blómum sínum.  
Þá vissi ég ekki lengur hvernig lífið er,  
allt, allt var aftur orðið gott!  
Allt, allt; ást og harmur,  
og heimur, og draumur!

Þýðing: Reynir Axelsson

EXPERIENCE THE MAGIC OF THE FILM WITH A LIVE ORCHESTRA



Harry Potter  
AND THE  
CHAMBER  
OF SECRETS.  
— IN CONCERT —

22.–25. MARS, 2023

HARPA • REYKJAVÍK

Hljómsveitarstjóri: Timothy Henty

Miðasala á [sinfonia.is](http://sinfonia.is) • [HarryPotterInConcert.com](http://HarryPotterInConcert.com)



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS



PART OF THE HARRY POTTER™ FILM CONCERT SERIES • BROUGHT TO YOU BY CINECONCERTS

WIZARDING WORLD and all related trademarks, characters, names, and indicia are © & ™ Warner Bros. Entertainment Inc. Publishing rights © J.K.R. 1922

# Á döfinni

23.02 FIMMTUDAGUR  
KL.19:30



## Hough leikur Rakhmanínov

Hinn heimsþekkti píanóleikari, Sir Stephen Hough, kemur nú í annað sinn á starfsárinu fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands en samstarf hans við Hljómsveitina heldur svo áfram á tónleikaferð um Bretland í apríl. Hann leikur nú hinn tilfinningaþrungna píanókonsert nr. 2 eftir Sergej Rakhmanínov en Hough hefur m.a. hljóðritað alla píanókonserta tónskáldsins með Sinfóníuhljómsveitinni í Dallas.

Eftir hlé verður svo 10. sinfónía Shostakovitsj flutt en í viðtalsbókinni Testimony (Vitnisburður, 1979) segir Shostakovitsj m.a. um verkið: „Hún er Stalín og Stalínárin.“ Sannleiksgildi bókarinnar hefur verið dregið í efa en margir hafa þóst sjá lýsingar á einræðisherranum í tónlistinni sem fer allt frá því að vera innhverf og hæglát yfir í kaldhæðni og allt að því fullkomna heift. Þá notar tónskáldið nafn sitt í verkinu með eftirminnilegum hætti, það er að segja tónana d-es-c-h, sem hljóma í þriðja þætti verksins sem og í lokatöktum þess.

09.03 FIMMTUDAGUR  
KL.19:30



## Sunwook Kim leikur Brahms

Suður-kóreski píanóleikarinn Sunwook Kim vakti heimsathygli þegar hann fór með sigur af hólmi í Leeds-píanókeppninni árið 2006, þá einungis 18 ára gamall, og varð þar með yngsti sigurvegarinn í 40 ára sögu keppinnar. Upp frá því hefur hann verið eftirsóttur einleikari og hafa gagnrýnendur lýst leik hans sem kraftmiklum, listfengum og lýrískum. Sunwook Kim þreytir nú frumraun sína með Sinfóníuhljómsveitinni og leikur hinn stórbrotna píanókonsert nr. 2 eftir Johannes Brahms. Konsertinn er mikilfenglegur og sinfónískur í hugsun, en býr einnig yfir fingerðri lýrik – til að mynda í samspili píanós og sellós í yndisfögrum hæga kaflanum.

Franski hljómsveitarstjórinn Bertrand de Billy er aðalgeststjórnandi Sí og hann fylgir nú eftir vel heppnuðum flutningi á fyrstu sinfóníu Brahms á síðasta starfsári. Þeir tónleikar voru upphafið að Brahms-hring sem de Billy leiðir til lykta á þessu starfsári með því að stjórna hinum sinfóníunum þremur. Þriðja sinfónía Brahms er styst þeirra allra en hlaðin tónlistarlegu inntaki.

# Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiðla

Emma Steele  
Vera Panitch  
Zbigniew Dubik  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir  
Andrzej Kleina  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Joanna Bauer  
Pétur Björnsson  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Laufey Sigurðardóttir  
Sigrún Eðvaldsdóttir

## 2. fiðla

Páll Palomares  
Gunnhildur Daðadóttir  
Kristján Matthíasson  
Hekla Finnsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Þórdís Stross  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Kateryna Mysechko  
Justyna Bidler  
Hlín Erlendsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir

## Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Anna Elísabet Sigurðardóttir  
Kathryn Harrison  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Sarah Buckley

## Selló

Sigurgeir Agnarsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Urh Mrak  
Margrét Árnadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Júlía Mogensen  
Hjörtur Eggertsson  
Þórdís Gerður Jónsdóttir

## Bassi

T.C. Fitzgerald  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Þórir Jóhannsson  
Hávarður Tryggvason  
Jacek Karwan  
Richard Korn

## Flauta

Ulla Miilmann  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## Óbó

Julia Hantschel  
Matthías Nardeau  
Peter Tompkins

## Klarínnett

Argunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## Fagott

Clara Manaud  
Bryndís Þórsdóttir  
Dagbjört Ingólfssdóttir  
Brjann Ingason

## Horn

Stefán Jón Bernharðsson  
Emil Friðfinnsson  
Frank Hammarin  
Joseph Ognibene  
Anna Sigurbjörnsdóttir  
Þórunn Eir Pétursdóttir

## Trompet

Joris De Rijbel  
Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson  
Jóhann Ingvi Stefánsson

## Básúna

Sigurður Þorbergsson  
Carlos Caro Aguilera

## Bassabásúna

David Bobroff

## Túba

Elliot Dushman

## Harpa

Katie Buckley  
Elísabet Waage

## Celesta

Mathias Halvorsen

## Semball

Guðrún Óskarsdóttir

## Pákur

Soraya Nayyar  
Frank Aarnink

## Slagverk

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Kjartan Guðnason  
Matthias Engler

---

Lára Sóley Jóhannsdóttir  
*framkvæmdastjóri*  
Valdís Þorkelsdóttir  
*viðburða- og skipulagsstjóri*  
Hrafnhildur Árnadóttir  
*verkefnastjóri viðburða*  
Hjördís Ástráðsdóttir  
*fræðslustjóri*  
Dagrún Hálfánardóttir  
*mannauðsstjóri*

Halla Oddný Magnúsdóttir  
*listrænn ráðgjafi*  
Jökull Torfason  
*verkefnastóri dagskrárgerðar*  
Margrét Ragnarsdóttir  
*markaðs- og kynningarstjóri*  
Kristín Björg Björnsdóttir  
*markaðsfulltrúi*  
Svanhvít Hrólfssdóttir  
*fjármálastjóri*

Kristbjörg Clausen  
*nótnavörður*  
Cameron Anderton  
*umsjónarmaður nótna*  
Sigbór J. Guðmundsson  
*verkefnastjóri sviðs- og tækni mála*  
Björk Björgúlfssdóttir  
*sviðs- og tækni maður*

*Kvika eignastýring veitir allhliða  
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*

---



**KVIKA**

*Eignastýring*